

**Þjóðviljinn**

Málgaðn Kommúnistaflokks Íslands.

Ritstjóri: Einar Olgeirsson.  
Ritstjórn: Bergstaðastræti 30. Sími 2270.

Afgreiðsla og auglýsingaskrifstofa: Laugaveg 38. Sími 2184.  
Kemur út alla daga nema mánudaga.

Askriftagjald á mánuði:  
Reykjavík og nágrenni kr. 2,00.  
Annarsstaðar á landinu kr. 1,25  
1 lausasölu 10 aura eintakið.  
Prentsmiðja Jóns Helgasonar, Bergstaðastræti 27, sími 4200.

**Borgarastéttin og fasisminn.**

Spánarmynd sú, er sýnd var í Gamla Bíó í fyrrakvöld hefir vakið hina mestu athygli meðal allra þeirra manna, sem sáu hana. Myndin brá upp skyndimyndum úr lífi þeirrar Evrópuþjóðar sem nú á við mest böð að stríða og orðið hefir harðast úti í viðskiftum sínum við fasismanum. Og þó voru þetta aðeins leifturmyndir, ein og ein á við og dreif úr hálfu annars árs sögu borgarastyrjarldarinnar. Myndin sýndi ekki múgmorðin í Guernica, né rústir borgarinnar, eftir herför fasisstanna. Hún sýndi heldur ekki hrammorð fasisstanna í Irun eða Malaga og hvað þeir heita nú allir staðirnir, sem alþjóðlegar fasisstaher-sevitir hafa farið um gjöreyðandi hendi.

En myndin sýndi nóg til þess, að enginn þarf að efast um þær ógnir, sem lofthernaður Francos hefir haft í för með sér fyrir spönsku þjóðina.

Mynd, sem þessi mun ekki aðeins vekja samkið allra með spönsku þjóðinni, heldur mun hún vekja athygli alls almennings á þeirri hættu, sem vofir yfir heiminum af fasismans hálfu og hvers er af honum að vænta, hvar sem hann fær að þróa.

Samúð alþjóðunnar um allan heim hefir verið óskipt með baráttu spönsku alþjóðunnar. En hinu verður ekki neitað að nokkru öðru máli hefir gegnt um hinar borgaralegu lýðræðisstjórnir í Vestur-Evrópu. Einkum verður afstaða Englands að teljast hin vítavörðasta. Það er fyrst og fremst sök Englandsinga, hve mikill fjöldi Spánverja hefir verið drepinn af erlendum innrásarherjum síðan borgarastyrjöldin braust út.

Englendingar bera fyrst og fremst ábyrgðina á því að hinu svonefnda hlutleysi var beitt í borgarastyrjöldinni. Í rauninni hefir þetta hlutleysi verið lítið annað en að banna vopnasölu til spönsku stjórnarinnar, meðan hver vopnafarmurinn af öðrum var fluttur til uppreisnarmanna frá Pýskalandi og Ítalíu. Það þarf því ekki að fara í neinar grafgötur um það hvað þetta »hlutleysi« er í raun veru. Það er ekkert annað en hinn ákjósanlegasti styrkur, sem Ítalir og Þjóðverjar gátu fengið til landvinninga á Spáni, og hin þrýðilegustu verðlaun og vjórkenningu.

**Strigaverksmiðja og ný rafveita á Eskifirði.**

**Þingmenn Kommúnistaflokksins bera fram þingsályktunartillögu um ríkisábyrgð fyrir þessi fyrirtæki.**

Þingmenn Kommúnistaflokksins, Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson og Ísleifur Högnason bera fram í sameinuðu þingi þingsályktunartillögu um ríkisábyrgð fyrir strigaverksmiðju og rafveitu á Eskifirði. Verði tillaga þessi samþykkt, má telja víst að úr framkvæmdum yrði, og það mundi þýða algera viðreisn atvinnulífsins á Eskifirði.

Tillagan er svohljóðandi:  
»Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni:

1. að ábyrgjast fyrir samvinnufélag eða hlutafélag, sem stofnað verður til þess að reisa og reka strigaverksmiðju á Eskifirði, allt að 300 þúsund króna lán, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó ekki yfir 90% af stofnkostnaði fyrirtækisins.

2. að ábyrgjast fyrir Eskifjarðarhrepp alt að 200 þúsund króna lán til nýrrar rafveitu fyrir Eskifjörð og nágrenni hans, gegn ábyrgð sýslunefndar Suður-Múlasýslu og öðrum þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar. Bæði lánin má taka í erlendri mynt.

Greinargerð fylgir tillögunni og er hún samhljóða greinargerð er fylgdi tillögunni um ríkisábyrgð fyrir strigaverksmiðju og borin var fram á síðasta þingi af Jónasi Guðmundssyni. Fylgir

ing,sem Franco gat hlotið fyrir að efna til uppreisnar í landi sínu.

En að baki þessu felst óneitanlega sú staðreynd, að borgarastéttin er með öllu ófær til þess að verjast fasismanum. Enska borgarastéttin, sem einkum hefir haft forustuna í hlutleysiskrípaleikum á Spáni, hefir sýnt það og sannað, að hún liggur marflöt og magnþota fyrir hverri einustu ásókn fasismans. Flestir mundu þó hafa trú að því að enska borgarastéttin reyndi að verja heimsveldi sitt fyrir hverjum ágangi. Nú hefir hún beinlínis stutt þau átök, sem miða að því að útiloka áhrif Breta í Miðjarðarhafi og að loka leiðum þeirra til nýlendna sinna. Þegar fasisískir yfirgangsgegir eiga í hlut, sér enska borgarastéttin ekkert við það að athuga þó að þýsk vígi í Ceuta loki Gibraltarsundi og þó að þýskum Kruppsbyssum sé miðað af spönsku ströndinni til Gibraltar þannig að það vígi sé innilokað milli þýskra hervirkja.

Hvað mundi þá enska borgarastéttin geta, ef fasisminn tæki að vaða freklega uppi heima í Englandi. Líklega yrði ekki mikið um varnir af hennar hálfu.

Saga Spánarmálanna sýnir betur en nokkuð annað, að það er alþjóðan ein, sem getur og vill berjast gegn fasismanum.

greinargerðinni langt bréf frá oddvita Eskifjarðarhrepps, Arnfinni Jónssyni, þar sem hann skýrir frá forsögu málsins og færir rök að því, að slíka verksmiðju ætti að reisa á Eskifirði.

Greinargerðin er svohljóðandi:  
»Það mun öllum landslýð kunnugt orðið, að kaupþúnið Eskifjörður hefir átt við mjög stórkostlega örðugleika að stríða undanfarið mörg ár. Fyrir nokkru var þar allöflugur atvinnurekstur. Þaðan var gerður út togari, og um skeið tveir línuveiðarar og margir vélbátar. Nú er þetta að mestu horfið og fólk-ið situr auðum höndum og bjargarlaust. Ríkissjóður hefir orðið að hlaupa þar undir baggann síðustu árin og veita þangað beinan styrk, til þess að fólk-ið hungraði ekki.

Það má telja fullreynt, að útgerð muni ekki geta orðið aðal-atvinnuvegur Eskifirðinga í framtíðinni. Eskifjörður liggur ver til sjósóknar en verstöðvarnar fyrir sunnan hann og norðan; hinsvegar er þar nokkurt vatnsafl til virkunnar og því sæm-ileg skilyrði fyrir ýmiskonar iðnrekstur. Verður því, ef því ófremdarástandi á af að létta, sem nú hefir ríkt í atvinnumál-um þessa staðar undanfarið, að hefjast handa þar um iðnrekstur, er skapað geti verulega og varanlega atvinnu fyrir íbúana þar.

Nú um tveggja ára skeið hafa forgöngumenn hreppsfélagsins haft með höndum athuganir í þessum efnun og komist að þeirri niðurstöðu, að margt mælti með því, að þar yrði reist verksmiðja til að vinna umbúða-striga, og væri auðvitað sjálf-sagt, að strigasekkjagerð væri í sambandi við verksmiðjuna. All-veruleg athugun á því máli hefir farið fram hjá skipulagsnefnd atvinnumála. og er nánar að því vikið í útdrætti úr bréfi oddvita Eskifjarðarhrepps, er fylgir greinargerðinni. Stofnkostnað slíkrar verksmiðju áætla skipulagsnefnd 283 þús. kr. (Sbr. Alit og tillögur skipulagsnefndar, bls. 403).

Við Íslendingar notum nú óhemju mikið af umbúða-striga (hessian) um saltfisk okkar, og feiknir öll eru notuð af sekkjum um síldar- og fiskimjöl, og fer sífellt vaxandi.

Sjálfsgætt er að leita til þeirra tveggja aðilja, sem langmest nota af þessari vöru, um að gerast hluthafar í því félagi, sem í ráði er að stofna til að reisa og reka strigaverksmiðjuna, en það eru síldarverksmiðjur ríkisins og sölusamband íslenskra fiskframleiðenda. Virðist svo sem mjög létt ætti að vera að koma fyrirtæki þessu á fót, ef allar þær verksmiðjur hérlendar og fiskisölufélög og sambönd, sem striga og sekkji nota í stórum stíl, gerðust hluthafar í slíku félagi og gerðu þar kaup sín á þessari

vöru. Munu forgöngumenn málsins vafalaust reyna þá leið til hlutfjársofnunar.

Hér er um verulega upphæð að ræða, er ríkissjóður tekur að sér ábyrgð á, en hinsvegar ber og á það að líta, að nú er árlega varið beint úr ríkissjóði 50—60 þús. krónum til styrktar þessu kaupþúni, eða íbúum þess, en sá styrkur mundi með öllu falla niður, ef úr framkvæmd þessa verks yrði.

Sá hængur er á að reisa verksmiðjuna á Eskifirði, að þar er ekki nægilega stór rafstöð, og verður því einnig að reisa hana jafnframt. Fyrsta rafstöð landsins var reist á Eskifirði, en nú er hún að verða ónýtt og verður að endurnýjast. Er því sjálfsgætt að reisa þar jafnframt verksmiðjuna stóra rafstöð, er selt geti orku til verksmiðjunnar og annars þess iðnaðar, er á Eskifirði kynni að skapast. Þess vegna er í tillögunni einnig gert ráð fyrir ábyrgð til rafveitu, er hreppurinn sjálfur reisti.

Síðan þessar þingsályktunartill. voru fluttar af Jónasi Guðmundssyni, hefir sýslunefnd Suður-Múlasýslu samþykkt einróma áskorun til Alþingis um að heita ríkisábyrgð fyrir strigaverksmiðjuni. Þá hefir einnig verið hafist handa um hlutfjársofnun á Eskifirði og fengist loforð fyrir um 30 þús. kr. Á Eskifirði eru allir flokkar einhuga um nauðsyn þessa máls

**Hugleiðingar Orvaróðs**

Við risgjöld Háskólans síðastliðinn sunnudag fanst ýmsum það undarlega farið, að Haraldur Guðmundsson kenslumálaráðherra var fjarverandi. Við nánari eftirgrenslan kom það í ljós, að honum hafði ekki verið boðið og sama máli gegndi um Sigurd Einarsson, hinn nýskipaða dósent í guðfræðideildinni.

Virðist helst útlit fyrir að hinum háu herrum, sem að Háskólannum standa hafi ekki þótt hæfa, að yfirmaður stofnunarinnar sæti í hófi þeirra. En til þess að breiða yfir þessa framkomu, urðu stjórnendur Háskólans að gripa til þess úrræðis að bjóða öllum verkamönnum er að Háskólannum unnu í hófið, sem tæplega hefir verið tilætlunin, enda ekki vami reykvískra »höfðingja« við slík tækifæri. En vera má að íhaldsmenn þurfi að reidast stjórnarvöldum til þess að geta komið sæmilega kurteislega fram við verkamenn sína.

og hafa leiðandi menn úr öllum flokkum beitt sér fyrir því að einhverju leyti. Sérstaklega hefir þó mesti áhrifamaður Framsóknarflokksins á Eskifirði, Stefán Björnsson prófastur, látið málið til sín taka með ítarlegri grein, sem hann skrifaði í Nýja Dagblaðið í haust. Mættu þingmenn Sunnmýlinga, sem báðir eru Framsóknarmenn að því hyggja, sér að skaðlausu, hvernig hugur kjósenda þeirra er til þessa máls.

**Laus staða**

Framkvæmdastjórnastarfið við Síldarverksmiðjur ríkisins er laus frá 15. janúar n. k. að telja.

F. h. stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins

**Finnur Jónsson.**

**Bækur um sósíalisma**

Þeir, sem vilja kynnast marxismanum, þurfa að lesa þessar bækur:

**Marxisminn** eftir Ásgeir Blöndal, 84 bls. Verð kr. 2,00.

**Leninisminn** eftir Stalin. 120 bls. Verð kr. 2,00.

**Launavinna og auðmagn** eftir Karl Marx, 50 bls. Verð kr. 1,00.

Fást í **Bókaverslunin Heimskringla.**  
Laugaveg 38.